# **Tillaga að deiliskipulagi**
Umsögn Vegagerðarinnar

**Móttakandi:**

| | |
|---|---|
| Sveitarfélag: | Akranesbær |
| Nafn: | Halla Margrét Árnadóttir |
| Netfang: | skipulag@akranes.is |

**Breyting á aðalskipulagi:**

| | |
|---|---|
| Nafn skipulags: | Höfðasel |
| Hönnuður: | Teiknistofa arkitekta |
| Dags. gagna: | 10.07.2025 |
| Málsnúmer á skipulagsgátt: | 122/2025 |



Í tillögu kemur m.a. fram að deiliskipulagstillaga byggir á eldra deiliskipulagi undir iðnaðarsvæði. Skilgreindar verða aðkomuleiðir að nýju athafnasvæði í Grjótkelduflóa austan skipulagssvæðisins frá Akrafjallsvegi. Nýjar lóðir eru skilgreindar sem iðnaðarlóðir ásamt lóðum undir helstu veitumannvirki. Skipulagið fellur undir eftirfarnadi landnotkunarflokkar svk. Aðalskipulagi Akraness I-314, I-315, I-316.

Vegagerðin hefur kynnt sér deiliskipulagstillögu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum í fyrirhuguðum áformum. Stofnunin bendir á eftirfarandi.

**Vegagerðin**
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

SNI-2306-1

Vegir sem skipulagið hefur áhrif á:

| Nafn vegar: | **Akrafjallsvegur** |
|---|---|
| Númer-kafli: | 51-02 |
| Vegflokkur: | Stofnvegur |
| Vegtegund: | C8 |
| Breidd veghelgunarsvæðis | 30 m frá miðlínu til sitthvorrar handar |
| Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta: | 300 m |

Akrafjallsvegur (51-02) er stofnvegur (C8), skv. veghönnunarreglum Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir 300 m á milli tenginga og ekki heimilt að vera með krossvegamót.

Vegagerðin tekur ekki þátt í kostnaði við t.d. hljóðmanir og annað slíkt. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemdir:

Til að uppfylla Veghönnunarreglur og þar með að ná ásættanlegu umferðaröryggi er ljóst að ekki er mögulegt að tengja Höfðasel við Akrafjallsveg. Bæði er of stutt á milli tenginga og þar eru óásættanleg krossvegamót.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
SIGURÐUR FRIÐGEIR